

**Eftirlit með fiskeldisstöð
Landeldi**

Eftirlit með fiskeldisstöð - Gátlisti

Nafn rekstraraðila:	Dags. eftirlits:	Staðsetning stöðvar:	Brottfallinn starfsleyfisflokkur:
Silungur - eldisstöð ehf.	21.12.20	Laxalón	4
Kennitala rekstraraðila:	Gildistími starfsleyfis:	Kvittun afhent:	Gerð stöðvar:
560316-0620	N/A	Nei	Seiðaeldi

Starfssemi	Já / Í lagi	Nei / Ekki í lagi	Á ekki við	Athugasemdir:
Er umfang í samræmi við starfsleyfi?		X		Ekki er til staðar starfsleyfi. Búið er að sækja um leyfi til eldis á regnbogasilungsseiðum. Fóðurkaup/fóðurnotkun 2019 var u.þ.b. 40 tonn og 2020 u.þ.b. 16 tonn. Skv. tölum frá sérgreinadýralækni fiskisjúkdóma voru afhent um 20-22 tonn af seiðum 2019 en 15-20 tonn á árinu 2020.
Breytingar á starfsemi frá síðasta eftirliti? Áætlaðar breytingar?		X		Rekstraraðili hefur hafið eldi á laxaseiðum til sleppinga í veiðiár. Það er ekki í samræmi við gildandi rekstrarleyfi, né hefur verið sótt um leyfi fyrir slíku eldi. Eldi í útirtjörnum hefur enn ekki verið lagt af, eins og stóð til við síðasta eftirlit, þar sem kórónuveirufaraldurinn setti strik í reikning viðskiptavina stöðvarinnar og tóku ekki þau seiði sem til stóð. Engin smáseiði voru í klakhúsi þegar eftirlit fór fram.
Er innra eftirlit og skráningar í samræmi við starfsleyfi (sjá grein 1.4 í starfsleyfisskilyrðum).		X		Skráningar eru lágmarki. Upplýsingar voru ekki aðgengilegar í eftirlitinu sjálfu en rekstraraðili óskaði eftir upplýsingum frá móttökuaðilum úrgangs, fóðurframleiðanda o.s.frv. í kjölfar eftirlits og sendi eftirlitsaðila. Afstöðumynd var send inn eftir seinasta eftirlit. Í kjölfar eftirlits ætlaði fulltrúi rekstraraðila að senda in upplýsingar um fóðurnýtingu og frekari

Eftirlit með fiskeldisstöð
Landeldi

				upplýsingar v. móttöku úrgangs frá eldinu, 17. mars 2021 hafa upplýsingar um fóðurnýtingu ekki borist.
Ársskýrsla/samantekt skilað fyrir 1. maí?			X	Á ekki við.
Grænu bókhaldi og útstreymisbókhaldi skilað fyrir 1. maí?			X	Á ekki við.
Er áhættumat og uppfærðar viðbragðsáætlanir aðgengilegar á staðnum? (viðbragðsáætlun vegna bráðmengunar, viðbragðsáætlun vegna tímabundinnar og ótímabundinnar rekstrarstöðvunar)		X		Áætlanir og áhættumat voru sendar inn í kjölfar seinasta eftirlits. Eins og kom fram í bréfi stofnunarinnar 26.10.20 voru gögnin ekki fullnægjandi en frávikum frá 2019 þess efnis verður fylgt eftir á grundvelli fullnægjandi umsóknar og útgáfu starfsleyfis.
Samráðsfundur? Næsti fundur boðaður?			X	Á ekki við.
Er trygging vegna bráðamengunar í gildi?	X			
Er neyðaráætlun til staðar?		X		Sjá hér að ofan.

Umhverfi	Já / Í lagi	Nei / Ekki í lagi	Á ekki við	Athugasemdir:
Umhverfismarkmið og umhverfisstjórnunarkerfi?			X	Á ekki við.
Stýring á fóðurgjöf þannig að úrgangsmýndun sé í lágmarki?	X			Fóðurmagn er reiknað út, inni í húsi eru sjálfvirkir fóðrarar en úti í kerjum er handfóðrað.
Er skráning á losun fósíors og köfnunarefnis? Eru losunarmörk virt? Mælingar eða útreikningar? Síðustu mælingar?		X		Losunarreikningar út frá fóðurnotkun fyrir 2019 né 2020 voru ekki aðgengilegir, og fósíór og köfnunarefni voru ekki mæld í vatnssýnum sem tekin voru daginn eftir eftirlit, 22.12.20.
Ástand frárennslis.	X			Í lagi.

Eftirlit með fiskeldisstöð
Landeldi

Eru set eða útfellingar? Olía eða froða? Sorp eða aðrir aðskotahlutir? Hitauppgufun frá frárennsli? Er óeðlileg lykt? Er fiskur í frárennsli?				28.1.21 barst mynd af frekari/endurbættum búnaði til varnar slysasleppingum sem sett var upp úr set-/eldisstjörn að viðtaka. Ekkert óeðlilegt sást í frárennsli.
Nánari lýsing á mengunarvarnarbúnaði í frárennsli, síun, settjörn, tromlur, o.þ.h. Leið frárennslis frá keri að viðtaka.	X			Frárennsli úr húsi og útikerjum sameinast og rennur í gegnum eldistjarnir að skurði sem rennur út í læk. Slysasleppingaristar eru til staðar.
Ástand og lýsing viðtaka (s.s. fjarlægð frá kerum, ferskvatn, sjór).	X			Frárennsli rennur frá set-/eldisstjörn í Grafarlæk sem rennur í Grafarvog.
Er eftirlit með vatnsgæðum í viðtaka.			X	Ekki hafa verið tekin sýni í viðtaka.
Meðhöndlun úrgangs og spilliefna í samræmi við starfsleyfi? Söfnun og förgun dauðfisks?	X	X		Kvittanir eru til staðar frá Sorpu. Ekki lágu fyrir kvittanir frá öðrum móttökuaðilum eða skráningar á förgun dauðfisks. 15. mars vildi rekstraraðili koma á framfæri að afföll hafi verið mjög lítill og áætlað sé að setja upp sérstaka dagbók til að halda utan um afföll og ástæður þeirra séu þær vitaðar.
Er umhverfisvöktun í samræmi við starfsleyfi?			X	
Skil á niðurstöðum mælinga umhverfisvöktunar.	X			Sýni voru tekin úr inntaki og frárennsli 22.12.20 og COD og svifagnir mælt.
Skil á öðrum mælingum sem nefndar eru í starfsleyfi, ef við á.			X	Á ekki við.
Næstu áætluðu mælingar? Hverjar? Er það skv. starfsleyfi? Hver sér um mælingarnar?			X	Áætlað er að mæla í samræmi við það starfsleyfi sem er í vinnslu.

**Eftirlit með fiskeldisstöð
Landeldi**

Niðurstöður síðasta eftirlits:	
Þrjú frávik komu fram við eftirlit 2019 er vörðuðu starfsemi án starfsleyfis, skráningar og viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar hafs og stranda. Engar ábendingar voru gerðar.	
Samantekt:	<p>Brestur hefur orðið á rekstrargrundvelli stöðvarinnar þar sem hætt var við pantanir og seiði ekki sótt á árinu 2020 v. Covid19 faraldursins. Því eru enn seiði í stöðinni sem átti að afhenda á seinasta ári. Af þessum völdum eru enn seiði í eldistjörnum en til stóð að leggja af eldi í þeim á árinu 2020.</p> <p>Rekstraraðili hefur auk regnbogasilungsseiða alið laxaseiði til sleppinga í veiðiár, sem er hvorki í samræmi við umsókn um starfsleyfi né gildandi rekstraraleyfi.</p> <p>Skv. upplýsingum frá rekstraraðila stendur til að ala einungis regnboga framvegis þar sem ekki sé eftirspurn eftir laxi v. Covid19.</p>
Annað:	Sjá eftirlitsskýrslu.

Undirskrift eftirlitsmanns: Hulda S. Jónasdóttir

EFTIRLITSSKÝRSLA

Silungur eldisstöð ehf Laxalóni



Dags eftirlits	21.12.2020	Ábyrgðarmaður eftirlits	Hulda Soffía Jónasdóttir
Fyrirtæki	Silungur eldisstöð ehf	Eftirlitsmaður	Helga Rut Arnarsdóttir
Heimili	Pósthólf 44	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	560316-0620	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Wolfgang Pomorin	ÍSAT nr.	0321
Fulltrúi fyrirtækis	Guðmundur Sveinsson	Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Eitt nýtt frávik kom fram við eftirlitið og tvær ábendingar voru gerðar.

Frávik sem skráð var í eftirliti 2019 er varðar það að rekstraraðili starfar án starfsleyfis, er enn opið. Búið er að meta umsókn rekstraraðilla um nýtt starfsleyfi fullgilda, en hvorki er í gildi starfsleyfi né undanþága frá ráðherra. Frávikinu verður fylgt eftir í aðskildu bréfi.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið var framkvæmt með vísan í 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Vísað er í meðfylgjandi gátlista.

Farið var yfir stöðu rekstraraðila m.t.t starfsleyfisumsóknar og eftirfylgni stofnunarinnar með eldri frávikum. Aðstæður í stöðinni voru skoðaðar.

Skráningar og aðgengi eftirlitsaðila að þeim eru ekki fullnægjandi.

Sýni hafa verið tekin úr inntaksvatni og frárennsli en ekki viðtaka. Hins vegar voru mældar svifagnir og COD en ekki heildarfosfór og köfnunarefni í sýnunum og losun næringarefna hefur heldur ekki verið reiknuð út frá losunarleiðbeiningum rekstraraðila fyrir árið 2019.

Í kjölfar vettvangsheimsóknarinnar óskaði eftirlitsaðili eftir gögnum og upplýsingum sem voru ekki aðgengileg á vettvangi. Rekstraraðili brást við og sendi ýmsar upplýsingar og skráningar en þrátt fyrir ítrekaða beiðni af hálfu stofnunarinnar hafa ekki allar umbeðnar upplýsingar borist þann 17.mars 2021.

Frávik frá

Lýsing á frávikum

gr. 1.4 í samræmdum starfsleyfisskilyrðum fyrir fiskeldi á landi

Skráningar og innra eftirlit rekstraraðila skal vera aðgengilegt eftirlitsaðila. Skráningar árána 2019 og 2020 voru ekki aðgengilegar í eftirliti. Rekstraraðili hugðist senda eftirlitsaðila umbeðnar upplýsingar að eftirliti loknu sem hafa ekki allar borist þrátt fyrir ítrekun af hálfu stofnunarinnar.

ÁBENDINGAR

Rekstraraðila er bent á að uppfæra þarf áætlanir og áhættumat vegna bráðamengunar hafs og stranda. Því verður fylgt eftir á grundvelli starfsleyfisvinnslu.

Stofnunin bendir einnig á að ekki hefur verið sótt um starfsleyfi fyrir eldi á laxaseiðum til sleppinga. Umsókn rekstraraðila sem er til vinnslu hjá stofnuninni tekur einungis til eldis regnbogasilungs en rekstraraðili er með bæði regnbogasilungsseiði og laxaseiði í eldi í stöð sinni í Laxalóni.

ANNAD

Enginn olíugeymir er á staðnum.

Í eftirlitinu voru kynntar niðurstöður áhættumats 2019 vegna tíðni eftirlits og farið yfir þá þætti sem rekstraraðili getur haft áhrif á til hækkunar eða lækkunar tíðni eftirlits.

Umhverfisstofnun hefur unnið leiðbeiningar um útreikninga á losun frá fiskeldi. Leiðbeiningarnar voru kynntar rafrænt í kjölfar eftirlits og rekstraraðili hvattur til að nýta sér þær til ákvörðunar á losun í skráningum og ársskýrslum.

Leiðbeiningar Umhverfisstofnunar um meðhöndlun fastefnis frá landeldisstöðvum, sem komu út þann 13. nóvember sl. voru sendar rafrænt í kjölfar eftirlits.

15. mars vildi rekstraraðili koma á framfæri að afföll hafi verið mjög lítil og áætlað sé að setja upp sérstaka dagbók til að halda utan um afföll og ástæður þeirra séu þær vítaðar.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 17.03.2021



Hulda Soffía Jónasdóttir

